

**Iceland Seafood – fjárfestir í framleiðsluhúsnæði og frystigeymslu í Grimsby og sameinar rekstur tveggja félaga í Bradford og Grimsby í eitt öflugt félag. Hið nýja félag mun þjónusta bæði smásölu og veitingahúsa og þjónustugeirann í Bretlandi. Heildarfjárfesting er um 1,3-1,4 milljarðar**

Í morgun undirritaði Iceland Seafood samning um kaup á framtíðar vinnsluhúsnæði og frystigeymslu í Grimsby. Vinnsluhúsnæðið er um 10 þúsund fermetrar og frystigeymslurými er um 2000 tonn

Þá kaupir Iceland seafood út minnihlutaeigandur í Havelok og á nú bæði félögin sem sameinast síðar á árinu 100%. Fjárfesting í aukinni vinnslugetu og framtíðarhúsnæði mun nema um 800-900 milljónum. Með kaupunum á minnihluta í Havelok er heildarfjárfesting um 1,3-1,4 milljarðar króna.

Félögin tvö sem um ræðir eru Havelok í Grimsby og Iceland Seafood Barraclough sem munu sameinast undir nafninu **Iceland Seafood UK Ltd**. Samanlögð velta félaganna á síðasta ári nam um 60 milljónum evra og hjá félögunum vinna samtals 130 starfsmenn. Með þessari fjárfestingu sér félagið fram á umtalsverða aukningu í veltu og fjölda starfsfólks á komandi árum.

Fjárhagsleg áhrif af kaupunum, sameiningunni og fjárfestingunni munu byrja að koma fram á næsta ári og velta á viðtökum viðskiptavina okkar í Bretlandi.

Bjarni Ármannsson forstjóri Iceland Seafood: “Að okkar mati er núna rétti tíminn til að fjárfesta í Bretlandi. Við eigum sögulega mjög sterkar tengingar við Bretland sem einn allra mikilvægasta fiskmarkað fyrir okkur Íslendinga. Iceland Seafood hefur verið með tvö öflug vinnslufyrirtæki í Bretlandi og fjárfestir nú í stóru vinnsluhúsnæði til að þjónusta vaxandi þarfir okkar viðskiptavina fyrir sjávarafurðir. Við erum með öflugt stjórnendateymi og sjáum jafnframt hagræðingar og sóknartækifæri í þessari sameiningu og fjárfestingu til vaxtar. Við erum því spennt fyrir þessari fjárfestingu og framtíðarmöguleikumum á þessum markaði.”

#### **Um Iceland Seafood**

Iceland Seafood International er skráð félag á NASDAQ aðallistann á Íslandi. Heildarvelta á síðasta ári nam um €450m. Markaðsvirði félagsins nemur um €166m. Félagið selur sjávarfang til 45 landa og er með starfsemi í 8 löndum. Meiri hluti þess sjávarfangs sem félagið selur kemur frá Íslandi.

Frekari upplýsingar:

Bjarni Ármannsson: [Bjarni.armannsson@icelandseafood.com](mailto:Bjarni.armannsson@icelandseafood.com)